

**Þátttaka
í almennum
bólusetningum
barna á Íslandi
2020**

Uppgjör 2021

Júlí 2021



Formáli

Bólusetning er ein áhrifaríkasta og kostnaðarhagkvæmasta aðgerð gegn alvarlegum smitsjúkdómi sem völ er á í dag. Íslendingar hafa löngum verið fljótir að taka í notkun ný bóluefni þökk sé framsýni stjórnvalda og góðum viðtökum almennings en til að almenn bólusetning nái fullum árangri þarf þátttöku í samfélaginu að vera fullnægjandi.

Fyrsta árlega opinbera uppgjör um þátttöku í bólusetningum hér á landi var birt á árinu 2013 en fyrir þann tíma hafði þátttökan verið áætluð út frá sölutölum bóluefnanna. Frá árinu 2013 hafa þátttökutölur byggst á rafrænni skráningu bólusetninga í bólusetningagrunn sóttvarnalæknis en rafrænar skráningar hófust 2004/2005.

Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bæta þátttöku hér í almennum bólusetningum. Árlegri fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsmenn var hleypt af stokkunum fyrir nokkrum árum, fræðsla fyrir almennig hefur verið aukin, innköllunarkerfi heilsugæslunnar bætt og áhersla verið lögð á bættu skráningu í bólusetningagrunn.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu þá var þátttöku í almennum bólusetningum ásættanleg á árinu 2020 nema hvað varðar bólusetningu við fjögurra ára aldur. Ekki er ljóst hvers vegna hlutfall bólusettra við þennan aldur fór undir 90% en hugsanlega kann að vera, að vinnuálag vegna COVID-19 faraldursins hafi komið í veg fyrir betri þátttöku.

Á komandi mánuðum verður mikilvægt að viðhalda þeirri góðu þátttöku sem náðst hefur í almennum bólusetningum hér á landi og bæta þátttökuna í fjögurra ára bólusetningunni. Til að það náist þarf samstillt átak sóttvarnaryfirvalda, heilsugæslunnar og almennings.

Góð þátttöku í bólusetningum gegnir lykilhlutverki í að bægja alvarlegum smitsjúkdómum frá landinu,

Þóroldur Guðnason sóttvarnalæknir

I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð nr. 221/2001 skal skrá allar bólusetningar á Íslandi í miðlægan bólusetningagrunn sem er á ábyrgð sóttvarnalæknis. Grunnurinn inniheldur upplýsingar um allar bólusetningar á Íslandi frá árinu 2004/2005 en upplýsingar um bólusetningar fyrir þann tíma eru einungis til á þeim stöðum þar sem bólusetningar fóru fram s.s. á heilsugæslustöðvum. Grunnurinn byggir á rafrænni skráningu bólusetninga á heilsugæslustöðvum, sjúkrastofnunum og skólum á Íslandi. Skráð er nafn, kennitala, fæðingardagur, búseta hins bólusetta skv. Þjóðskrá, dagsetning bólusetningar, hvar bólusetning fór fram og loks sérlyfjaheiti bóluefnis ásamt kóðanúmeri. Tilgangurinn með bólusetningagrunninum er að fylgjast með þátttöku í bólusetningum á Íslandi og meta hættuna á að upp komi faraldrar sjúkdóma sem bólusett er gegn. Einnig er hægt að hafa upp á óbólusettum einstaklingum og þjóða þeim bólusetningu. Bólusetningagrunnur sóttvarnalæknis nýtur sérstöðu þar sem fáar þjóðir hafa yfir að ráða gagnagrunni sem inniheldur upplýsingar um allar bólusetningar heillar þjóðar í rauntíma. Árlegt uppgjör almennra bólusetninga hefur verið birt með svipuðu sniði og hér er gert frá árinu 2012.

Í þessari skýrslu eru birtar þátttökutölur í almennum bólusetningum barna á árinu 2020 bæði á landsvísu og eftir sóttvarnaumdæmum. Við lestur skýrslunnar er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Uppgjör á þátttöku í almennum bólusetningum á Íslandi byggir alfarið á upplýsingum um bólusetningar sem skráðar hafa verið rafrænt í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana sem tengdar eru miðlægum bólusetningagrunni sóttvarnalæknis. Þátttökutölur kunna því að vera hærri en fram koma í þessari skýrslu því í einhverjum tilfellum mun hafa láðst að skrá bólusetningar barna í rafræna sjúkraskrárkerfið.
- Þátttaka bólusetninga er reiknuð sem hlutfall bólusettra barna í tilteknum fæðingarárgangi af heildarfjölda barna sama fæðingarárgangs. Einungis börn sem búsett eru á Íslandi skv. Þjóðskrá eru tekin með í útreikninga og eru þau ýmist með íslenskt eða erlent ríkisfang. Í einhverjum tilvikum getur verið að dvalarstaður sé annar en lögheimili, jafnvel erlendis, sem getur lækkað þátttökutölur á því svæði sem lögheimili er skráð. Einnig lækkar það þátttökutölur ef barn hefur flust hingað til lands eftir að bólusetningar voru gerðar annars staðar og þær ekki skráðar í grunninn við komuna til landsins.
- Í uppgjörinu eru mismunandi fæðingarárgangar notaðir sem grundvöllur fyrir þátttökunni, allt eftir um hvaða bólusetningu er að ræða.

Ekki er hægt að merkja veruleg neikvæð áhrif COVID-19 faraldurs á barnabólusetningar hér þar sem tölur eru í flestum atriðum svipaðar og á undanförunum árum. DTP örvunarskammtur við 4 ára aldur hefur verið sérstakt áhyggjuefni um tíma og árangri rauntímaeftirlits 2019 nú viðsnúið. Svo virðist sem i) takmarkanir vegna COVID-19 hafi sértækt truflað 4 ára skoðanir sem eru tímafrekar og krefjast nándar við bæði barn og forræðismenn, ii) og að álag í sýnatökum og svo bólusetningarátak gegn COVID-19 hafi dregið úr rauntímaeftirliti og/eða tafið 4 ára skoðanir.

Á árinu bættist við almenn bólusetning við hlaupabólu við 12 og 18 mánaða aldur. Uppgjör á þátttöku bíður næsta árs þar sem ekki hafa öll börn fædd 2019 náð 18 mánaða aldri þegar uppgjórið var sótt í bólusetningagrunninn, hvað þá fengið bólusetninguna. Þó er vert að nefna að yfir 90% fæðingarárgangs 2019 hafa fengið 12 mán. skammtinn en fram að þessu hafa um 15% barna á leikskólaaldri fengið bólusetningu gegn hlaupabólu.

Á árinu 2020 var fyrirkomulag almennra bólusetninga á Íslandi eftirfarandi:



Embætti
landlæknis
Sóttvornalæknir

Almennar bólusetningar barna á Íslandi frá janúar 2020

Aldur:	Bólusetning gegn:
3 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
5 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
6 mánaða	Meningókokkum C (NeisVac-C).
8 mánaða	Meningókokkum C (NeisVac-C).
12 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix). Hlaupabólu í þriðju sprautu (Varilrix).
18 mánaða	Mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO). Hlaupabólu í annarri sprautu (Varilrix)
4 ára	Barnaveiki, stífkrampa og kikhósta í einni sprautu (Boostrix).
12 ára	Mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO). Leghálskrabbameini (HPV) eingöngu fyrir stúlkur. Tvær sprautur gefnar með a.m.k. 6 mánaða millibili (Cervarix).
14 ára	Barnaveiki, stífkrampa og kikhósta ásamt mænusótt í einni sprautu (Boostrix Polio).

Frekari upplýsingar um bólusetningar barna má finna á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) og á heilsugæslustöðvum.

II. Þátttaka eftir bóluefnum – bólusetningar á áætlun 2020

1. Grunnbólusetning: Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti, lömunarveiki og Haemofilus influenzae b (DTP, Polio, Hib) í einni sprautu - Fæðingarágangur 2019

	% þátttaka 1 skammtur	% þátttaka 2 skammtar	% þátttaka 3 skammtar
Landið allt	96	95	93
Höfuðborgarsvæðið	95	95	93
Vesturland	99	98	97
Vestfirðir	100	100	99
Norðurland	97	96	94
Austurland	98	96	93
Suðurland	96	96	94
Suðurnes	93	93	91

2. Endurbólusetning við 4 ára aldur: Barnaveiki, stífkrampi og kikhósti (DTP) í einni sprautu - Fæðingarágangur 2015

	% þátttaka
Landið allt	88
Höfuðborgarsvæðið	86
Vesturland	95
Vestfirðir	89
Norðurland	92
Austurland	95
Suðurland	93
Suðurnes	91

3. Endurbólusetning við 14 ára aldur: Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti og mænusótt (DTP og Polio) í einni sprautu - Fæðingarágangur 2005

	% þátttaka
Landið allt	96
Höfuðborgarsvæðið	95
Vesturland	98
Vestfirðir	95
Norðurland	98
Austurland	99
Suðurland	96
Suðurnes	97

4. Pneumókokkar - Fæðingarágangur 2019

	% þátttaka 1 skammtur	% þátttaka 2 skammtar	% þátttaka 3 skammtar
Landið allt	95	95	93
Höfuðborgarsvæðið	95	94	93
Vesturland	99	98	96
Vestfirðir	100	100	97
Norðurland	97	96	94
Austurland	97	96	95
Suðurland	96	95	94
Suðurnes	93	93	92

5. Meningókokkar C - Fæðingarágangur 2019

	% þátttaka 1 skammtur	% þátttaka 2 skammtar	Fullbólusett*
Landið allt	94	91	93%
Höfuðborgarsvæðið	94	91	93%
Vesturland	97	95	97%
Vestfirðir	100	99	99%
Norðurland	95	93	93%
Austurland	95	92	92%
Suðurland	94	92	93%
Suðurnes	91	89	91%

*Börn sem fá 1 skammt eftir 12 mán aldur teljast fullbólusett við meningókokkum C og leggjast við þau sem fá tvo skammta skv. áætlun

6. Mislingar, hettusótt, rauðir hundar (MMR) í einni sprautu Fæðingarágangur 2018 og 2008

	% þátttaka 18 mán.	% þátttaka 12 ára
Landið allt	93	93
Höfuðborgarsvæðið	93	92
Vesturland	94	93
Vestfirðir	91	96
Norðurland	95	97
Austurland	93	95
Suðurland	94	96
Suðurnes	93	94

7. Human Papilloma Virus (HPV) - Fæðingarágangur 2008

	% þátttaka 12 ára-1	% þátttaka 12 ára-2*
Landið allt	94	90 [‡]
Höfuðborgarsvæðið	94	89
Vesturland	97	91
Vestfirðir	93	- [‡]
Norðurland	98	95
Austurland	93	91
Suðurland	97	93
Suðurnes	91	89
*Skammtur 2 á áætlun vormánuði 2021		

[‡]HPV2 á Vestfjörðum féll niður vor 2021 vegna mannekle, verður gert í haust.

III. Þátttaka eftir landssvæðum (%)

Landið allt

		Þátttaka										
Bóluefni	Árgangur	% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	96	95			93						
DTP	2015							88				
DTP, Polio	2005											96
Pneumókokkar	2019	95	95			93						
Meningókokkar	2019			94	91							
MMR	2018						93					
MMR	2008								93			
HPV	2008									94	90 [‡]	

[‡]Að frádregnum Vestfjörðum.

Höfuðborgarsvæði

		Þátttaka										
Bóluefni	Árgangur	% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	95	95			93						
DTP	2015							86				
DTP, Polio	2005											95
Pneumókokkar	2019	95	94			93						
Meningókokkar	2019			94	91							
MMR	2018						93					
MMR	2008								92			
HPV	2008									94	89	

Vesturland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	99	98			97						
DTP	2015							95				
DTP, Polio	2005											98
Pneumókokkar	2019	99	98			96						
Meningókokkar	2019			97	95							
MMR	2018						94					
MMR	2008								93			
HPV	2008									97	91	

Vestfirðir

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	100	100			99						
DTP	2015							89				
DTP, Polio	2005											95
Pneumókokkar	2019	100	100			97						
Meningókokkar	2019			100	99							
MMR	2018						91					
MMR	2008								96			
HPV	2008									93	-	

*HPV2 á Vestfjörðum féll niður vor 2021 vegna manneklu, verður gert í haust.

Norðurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	97	96			94						
DTP	2015							92				
DTP, Polio	2005											98
Pneumókokkar	2019	97	96			94						
Meningókokkar	2019			95	93							
MMR	2018						95					
MMR	2008								97			
HPV	2008									98	95	

Austurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	98	96			93						
DTP	2015							95				
DTP, Polio	2005											99
Pneumókokkar	2019	97	96			95						
Meningókokkar	2019			95	92							
MMR	2018						93					
MMR	2008								95			
HPV	2008									93	91	

Suðurland

		Þátttaka										
Bóluefni	Árgangur	% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	96	96			94						
DTP	2015							93				
DTP, Polio	2005											96
Pneumókokkar	2019	96	95			94						
Meningókokkar	2019			94	92							
MMR	2018						94					
MMR	2008								96			
HPV	2008									97	93	

Suðurnes

		Þátttaka										
Bóluefni	Árgangur	% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2019	93	93			91						
DTP	2015							91				
DTP, Polio	2005											97
Pneumókokkar	2019	93	93			92						
Meningókokkar	2019			91	89							
MMR	2018						93					
MMR	2008								94			
HPV	2008									91	89	